

GJALDSKRÁ**yfir gjald af einkasöluvörum.**

Áhöfnum og farþegum sem við komu til landsins hafa meðferðis meira magn af einkasöluvörum en heimilt er án greiðslu gjalda, sbr. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 272/1969 og 2. gr. reglugerðar nr. 362/1975, skal heimilt að greiða einkasölugjald samkvæmt gjaldskrá þessari af því magni sem umfram er, enda hafi viðkomandi vörum verið framvísað við tollgæslu áður en tollskoðun hófst á farangri viðkomandi:

A. Áfengi:	0,375 l	0,75 l
1. Rauðvín, hvítvín, heit vín, vermouth og aperitivar	kr. 500	1000
2. Íslenskar áfengistegundir	— 1350	2450
3. Koníak, brandy, whisky, vodka, gin, genever, rom, líkjörar svo og aðrar sterkar tegundir, ót. a.	— 2150	3600
B. Tóbak:		
1. Reyktóbak	kr. 2400 pr. tylft eða lb.	
2. Vindlingar	— 1850 pr. karton	
3. Smávindlar	— 200 pr. 10 stk.	
Meðalstærð	— 600 pr. 25 stk.	
Vindlar aðrir	— 1000 pr. 25 stk.	

Sé um að ræða aðrar pakkningar en að ofan greinir skal greitt hlutfallslega.

Gjaldskrá þessi er sett skv. heimild í 5. mgr. 76. laga nr. 59/1969 um tollheimtu og tollaeftirlit til að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi numin gjaldskrá nr. 107/1976 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 10. febrúar 1977.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Björn Hafsteinsson.

GJALDSKRÁ**Hitaveitu Mosfellshrepps.****I. KAFLI****1. gr.**

Hitaveita Mosfellshrepps selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellssveit og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærslu-æð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellshrepps.

2. gr.

Hitaveita Mosfellshrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar, fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mán., sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI**4. gr.**

Gjald fyrir afnot heita vatnsins er sem hér segir:

- A. Fastagjald kr. 330.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
 B. Vatnsgjald kr. 840.00 á mánuði fyrir hvern mínútulíttra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig:

Flutningsgjald	kr. 280.00
Heitt vatn	— 560.00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín annan hvern mánuð, og skulu þau greiddast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem sveitarstjórn ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI**6. gr.**

Heimæðagjald Hitaveitu Mosfellshrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð: kr. 195 800.00.

Heimæðagjald skal greiddast þegar heimæð hefur verið lögð, áður en hún tengist hitakerfi hússins skv. þá gildandi gjaldskrá.

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 2 184 stig. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða. Að óbreyttum nú gildandi lögum um verðstöðvun, er hækkun gjalda skv. þessari gr. háð samþykki ríkisstjórnarinnar. (1975).

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá. sem í vanskilum er, kr. 1 100.00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellshrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrir mælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af hitaveitunefnd og sveitarstjórn Mosfellshrepps staðfestist hér með skv. Orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 98 24. mars 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 10. febrúar 1977.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóv. 1973.

1. gr.

5. gr. staflíður j orðist svo:

Þegar lyf er afgreitt í fyrsta skipti eftir lyfseðli, skal auðkenna hann stimpli lyfjabúðarinnar. Dagsetningar afgreiðslu skal geta á lyfseðlinum.

Verð lyfs skal ávallt rita á lyfseðil. Hæfilegt verð umbúða, samkvæmt gildandi reglum lyfjaverðskrár, skal vera innifalið í verði lyfsins.

2. gr.

6. gr. reglugerðarinnar, 2. tölulíður orðist svo:

Eigi má ávísast einstaklingi í einu þeim ávana- og fíknilyfjum, er nú verða talin, eða söltum þeirra, í meira magni eða stærri einstökum skömmtum en hér greinir:

- I. Diazepamum. Óheimilt er að ávísast hylkjum, skömmtum eða töflum í stærri einstökum skömmtum en 5 mg, og ekki í meira magni en sem svarar 0.5 g af hinu virka efni.
- II. Nitrazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 0.25 g.
- III. Medazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 0.5 g.
- IV. Chlordiazepoxidum og Oxazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 1.0 g.
- V. Flurazepamum. Hámarks magn á lyfseðli 1.5 g.
- VI. Aethallymalum, Allypropymalum, Diallymalum, Hexemalum, Heptarualum, Meballymalum, Mebumalum og Pentymalum. Hámarks magn á lyfseðli 3.0 g.
- VII. Apronalum, Diemalum, Enhexymalum, Glutethimidum, Methaqualonum og Secumalum. Hámarks magn á lyfseðli 5.0 g.
- VIII. Meprobamatum. Hámarks magn á lyfseðli 20 g.
- IX. Carisoprodolum, Methocarbamolum og Phenprobamatum. Hámarks magn á lyfseðli 25 g.